

**200. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,  
mánudaginn 12. september 2016.**

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Unnar Jónsson formaður, Bjarni Th. Bjarnason, Snorri Finnlaugsson, Silja Dögg Baldursdóttir (varamaður) og Steinunn María Sveinsdóttir.

Starfsmenn: Baldvin Valdemarsson, Sigmundur Einar Ófeigsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

---

**1. Undirritun fundargerða**

- Fundargerð síðasta fundar nr. 199. Undirrituð.

**2. Bráðabirgðauppgjör, janúar til ágúst 2016**

- Rekstur félagsins hefur verið í jafnvægi undanfarin ár. Launahækkanir munu hafa áhrif á afkomu félagsins á þessu ári. Nauðsynlegt verður að ræða hækkun framlaga frá sveitarfélögum.

**3. Bókun bæjarráðs vegna skýrslu um Hlíðarfjall**

- Bæjarráð Akureyrar hefur tekið fyrir Hlíðarfjalls skýrsluna sem AFE ritaði. Í bókun ráðsins er lýst yfir áhuga á að AFE vinni að frekari útfærslur á grundvelli tillagna í skýrslunni. Beðið er eftir formlegu erindi.

**4. Kaupsamningur um Íslenska heilbrigðisklasann**

- Samningur skoðaður, starfsfólki falið að skoða málið betur áður en lengra er haldið.

**5. Húsaleigumálefni**

- Ekki eru hafnar framkvæmdir í H91, starfsfólki falið að leysa millibilsástand sem gæti skapast um mánaðarmótin.
- Fyrirséð er að einhver kostnaður mun fylgja flutningum.

**6. Önnur mál**

- AFE þarf að leggja sitt að mörkum til að fleiri verkefni á norðurlandi fá styrki frá Tækniþróunarsjóði.
- Haustfundur AFE: Það er í athugun að fá erlendan fyrirlesara um byggðastefnu Skotlands. Aðrir möguleikar eru í athugun, s.s. raforkuskortur, styrkjaumhverfi, og búvörusamningar.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 18.15.

*Unnar Jónsson*  
*Steinunn María Sveinsdóttir*  
*Bjarni Th. Bjarnason*  
*Silja Dögg Baldursdóttir*